

Stjórnarfundur nr. 12
1. febrúar 2012 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Auður Sif Sigurgeirsdóttir tilkynnti forföll.

1. Erindi frá Shih tzu- og Papillon-og phélenedeild vegna reglu um PRA

Áður en ákvörðun er tekin óskaði stjórn eftir að ræða við fulltrúa þeirra deilda þar sem PRA hefur komið upp og ekki er til DNA próf. Eftirfarandi stjórnnum var boðið og send öll gögn ásamt fulltrúum Shih tzu- og Papillon&phaléneideild: Chihuahuaeild, Smáhundaeild tengiliður bichon frise – tengiliður tegundarinnar, Shih tzu og papillon. Þau voru boðuð á fundinn kl.17:30.

Tengiliður Smáhundaeildar mætti ekki en stjórn deildarinnar sendi inn bréf með sínum rökum.

Chihuahuaeild vill ekki breyta PRA reglunni á meðan dýralæknar geta ekki upplýst betur um arfgengi sjúkdómsins. Papillon&phaléneideild vill hafa sömu reglu og er hjá danska hundaræktarfélaginu, DKK og til vara eins og hjá Svíum. Shih tzudeild vill setja sýkta hundinn í ræktunarbann og ekki endurtaka sömu pörun.

Samþykkt að taka málið upp á næsta fulltrúaráðsfundi.

2. Erindi frá sýningastjórn vegna stigahæsta ræktanda ársins.

Sýningastjórn samþykkti ekki ekki að setja inn að hundar þyrftu að vera fæddir á Íslandi. Tillagan hljómar þá eftirfarandi eftir að stjórnarmenn og sýningastjórn höfðu sent á milli sín tillögu:

Stigahæsti ræktandi ársins

Stigakerfi til útreiknings á stigahæsta ræktanda ársins.

Sá ræktandi sem hefur flest stig eftir hundasýningar ársins (janúar til desember) fær viðurkenninguna „Ræktandi ársins“. Til að eiga kost á stigum, skal ræktandi vera félagsmaður í HRFÍ, búsettur á Íslandi og eiga FCI viðurkennt ræktunarnafn. Stig eru einungis gefin á sýningum Hundaræktarfélags Íslands sem eru opnar öllum tegundum og gefa stig til meistara.

Á hverri sýningu eru eftirfarandi stig gefin:

- 1 stig fyrir hvert meistaraefni úr ræktun viðkomandi
- 2 stig fyrir ræktunarhóp úr viðkomandi ræktun með heiðursverðlaun

Ræktunarhópur úr ræktun viðkomandi sem nær sæti í BIS úrslitum dags:

1. sæti – 5 stig
2. sæti – 4 stig
3. sæti – 3 stig
4. sæti – 2 stig.

Samþykkt

3. DVD diskurinn “Til hamingju með hvolpinn þinn”.

Nafn á diskinn: "Til hamingju með hvolpinn þinn"

Útgefið af Hundaræktarfélagi Íslands með styrk og samvinnu við VÍS Agria Þýtt og gefið út með leyfi Sænska hundaræktarfélagsins.

Finna góðan texta til að hafa á umslaginu að beiðni VÍS

4. Erindi frá Unglingadeild, sent m.tölvupósti 8.janúar 2012

Boða stjórn Unglingadeildar á fund í næstu viku. Auður Sif Sigurgeirsdóttir er tilnefnd sem tengiliður stjórnar HRFÍ inn í Unglingadeild. Á fundinn í næstu vikur kemur Auður Sif, Valgerður og Jóna. Valgerður kannar tíma eftir kl.14:00.

5. Alþjóðleg hundasýning HRFÍ 25.-26. febrúar – léleg skráning

Ekki búið að ganga frá samningi við Fák vegna Reiðhallarinnar í Víðidal. Mikil hækkun var í nýjum samningi og þeir vilja aðeins gera samning til eins árs. Erum að leita að öðru húsnæði, ódýrari lausn.

6. Erindi frá Einari Guðmann sent m. tölvupósti 23. janúar 2012

Er ekki félagsmaður

Til stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

Varðandi bann á hundum og gestkomandi hundum í Grímsey.

Getur stjórn HRFÍ svarað því hversu oft bæjarbúar hafa kosið um hundahald í bæjarfélögum á Íslandi og hver niðurstaða þeirra kosninga hefur verið?

Spurningin er hvort hundahald hafi einhverntíman verið samþykkt í almennri kosningu íbúa? kv.

Einar Guðmann

einar@gudmann.is

Því miður hefur HRFÍ ekki upplýsingar um ofgreint efni.

7. Dómaranefnd – skipun og starfsreglur – *Frestað*

8. Erindi frá Vinnuhundadeild – uppfærðar reglur ofl. og erindi sem barst 19.jan. - *Frestað*

9. Tillaga um breytingu í reglugerð um ættbókarskráningu - *Frestað*

Tillaga um breytingu í reglugerð um ættbókarskráningu:

Vil leggja til að bætt verði inn í reglugerð um ættbókarskráningu að greinist hundur með arfgengan augnsjúkdóm megi aðeins para hann við annan hund sem er ekki með þann augnsjúkdóm. (Þetta taki þá gildi á eftir PRA reglunni og tegundabundum).

Augnlæknarnir mæla ítrekað með því að aðeins sé notað frítt á móti en engar reglur eru til um það hér.

10. Önnur mál

- **Fulltrúaráðsfundur –áætlað að hafa hann föstudaginn 17. febrúar kl.17:00-19:00**

Tillaga að dagskrá:

1. Baráttumál - hvað/hver á að gera hvað
2. Réttindi hundeigenda - hvað/hver á að gera hvað
3. Tölvukerfi – staða, fá Steina og Axel
4. Sólheimakot
5. Kynningabásar á hundasýningum
6. Sýningar og sýningasvæði
7. PRA regla

- **Þrír félagar heiðraðir innan HRFÍ og fá gullmedalíu frá SKK einnig var formaður FCI heiðraður þetta árið.**

Sennilega gert í tengslum við 100 ára afmæli FCI og fulla aðild HRFI að samtökunum. Eftirfarandi voru tilnefndar innan HRFÍ: Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður, Guðríður Valgeirsdóttir, varaformaður og Guðrún Guðjohnsen, fyrrverandi formaður.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 7.febrúar kl.16:00

Fundi slitið.

Sign: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.